



377. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 15. apríl 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Helgi Hjörvar, Ragnheiður E. Árnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Formaður lagði fram tillögu um að skipuð yrði þriggja manna dómnefnd vegna hugmyndaleitar á Þingvöllum og gerði jafnfram tillögu um að hana skipi: Ragna Árnadóttir, fyrrv. ráðherra yrði formaður, Andri Snær Magnason rithöfundur og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu. Formaður hefur þegar rætt við þessa einstaklinga og hafa þeir tekið erindinu vel.

Ragnheiður Elín Árnadóttir gerir alvarlega athugasemd við að talað hafi verið við tiltekna einstaklinga án þess að formaður hafi haft til þess umboð og finnst tilefni hafi verið til að ræða hugsanlega dómnefnd á öðrum fundi. Ragnheiður Elín leggur áherslu á að henni finnist þetta ámælisverð vinnubrögð af hálfu formanns.

Formaður leggur áherslu á að hún þurfi ekki leyfi nefndarmanna til að tala við einstaklinga, enda hafi hún gert viðkomandi grein fyrir að nöfn þeirra tilheyrðu tillögu sem ætti eftir að fara fyrir nefndina. Því hafi hún talað við áðurnefnda einstaklinga og fengið leyfi til að gera tillögu um þá til nefndarinnar án nokkurrar skuldbindingar. Formaður lagði áherslu á að fá einstaklinga í dómnefndina sem tilheyrðu fjölbreyttum hópi þjóðfélagsins.

Sigurður Ingi Jóhannsson hefði talið eðlilegra að formaður hefði fyrst talað við nefndina áður en hún talaði við einstaklinga, en býst þó við að formaður hafi rétt til að skoða nöfn. Gerir þó ekki athugasemdir við vinnubrögð. Sigurður Ingi leggur áherslu á að nefndin þurfi að vera skipuð einstaklingum sem eru óumdeilanlegir og að nefndin nái sátt um þá einstaklinga sem verði skipaðir. Sigurður leggur einnig til að dómnefndin verði skipuð 5 fulltrúum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir telur aðalágreiðing fundarins vera um málsmeðferð og telur ávítur Ragnheiðar Elínar réttmætar. Þorgerður leggur áherslu á að allir þurfi að vera sæmilega sáttir með dómnefndina og telur að ekki liggi á að klára þetta mál á þessum fundi. Einnig leggur hún áherslu á að allir Íslendingar séu heimamenn á Þingvöllum.

Frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

